

202. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 12. október 2017, kl. 15:15 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Óttar Bragi Práinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Bryndís Á. Böðvarsdóttir og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson, oddviti, setti fund og lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu að tveir nýir dagskrárliðir bætist við, 9.5 og 11. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu til dagskrárbreytingar.

1. Fulltrúar eigenda Skálabrekku koma á fund sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, til að ræða hugmyndir um uppbyggingu hótels, frístundabyggðar og þjónustustarfsemi í landi Skálabrekku.

Til fundarins voru mættir, undir þessum dagskrárlið, Jón Garðar Guðmundsson, Guðmundur G Þórarinsson, Guðjón Bjarnason, Bala Kamauakharan og Pétur H. Jónsson sem fulltrúar eigenda Skálabrekku til að kynna hugmyndir um uppbyggingu hótels, frístundabyggðar og þjónustustarfsemi í landi Skálabrekku. Einnig var mættur til fundar skipulagsfulltrúi, Pétur Ingi Haraldsson. Hann sat fundinn undir dagskrárliðum 1, 3.2, 3.3 og 6.

2. Árni Hilmarsson, íþróttafulltrúi Hrunamannahrepps, kemur á fund sveitarstjórnar Bláskógabyggðar til að ræða íþróttamálefni í Uppsveitum Árnessýslu.

Til fundarins var mættur Árni Hilmarsson, íþróttafulltrúi Hrunamannahrepps, til að ræða hugmyndir um samstarf ungmennafélaga í Uppsveitum Árnessýslu er varðar íþróttaiðkun og keppni. Hugmyndin snýr að sameiginlegum vettvangi ungmennafélaganna í hópíþróttum þá bæði í æfingum og keppni.

3. Fundargerðir til staðfestingar:

3.1. 187. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða. Tveimur dagskrárliðum var vísað til sveitarstjórnar og verða þeir sérstaklega teknir til afgreiðslu undir dagskrárlið 5.

3.2. 140. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 6. septemur 2017 – 17-62.

Mál nr. 7; Útey 1 lóð lnr. 168185 (lóð nr. 20): Staðfesting á afmörkun lóðar – 1709025.

Lögð fram umsókn Eflu verkfræðistofu dags. 5. september 2017 f.h. landeigenda, um staðfestingu á afmörkun lóðarinnar Útey lóð 168185. Er lóðin 11.407 fm að stærð og liggur á milli Laugarvatnsvegur og lækjarins Kvíslar. Lóðin tengist Laugarvatnsvegi um aðkomuveg sem sýndur er á upprætti.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar en samþykkir ekki nýja tengingu við Laugarvatnsveg. Að mati sveitarstjórnar ættu allar lóðir úr Útey vestan megin þjóðvegur að tengjast þjóðvegi með sömu tengingu.

Mál nr. 8; Útey 1 lóð lnr. 168183 (lóð nr. 18): Staðfesting á afmörkun lóðar – 1709024.

Lögð fram umsókn Eflu verkfræðistofu dags. 5. september 2017 f.h. landeigenda, um staðfestingu á afmörkun lóðarinnar Útey lóð 168183. Er lóðin 9.438 fm að stærð og liggur á milli Laugarvatnsvegur og lækjarins Kvíslar. Aðkoma lóðin tengist Laugarvatnsvegi um aðkomuveg sem sýndur er á uppdrætti.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar en samþykkir ekki nýja tengingu við Laugarvatnsveg. Að mati sveitarstjórnar ættu allar lóðir úr Útey vestan megin þjóðvegur að tengjast þjóðvegi með sömu tengingu.

Mál nr. 9; Útey 1 lóð lnr. 168182 (lóð nr. 17): Staðfesting á afmörkun lóðar – 1709022.

Lögð fram umsókn Eflu verkfræðistofu dags. 5. september 2017 f.h. landeigenda, um staðfestingu á afmörkun lóðarinnar Útey lóð 168182. Er lóðin 9.961 fm að stærð og liggur á milli Laugarvatnsvegur og lækjarins Kvíslar. Lóðin tengist Laugarvatnsvegi um aðkomuveg sem sýndur er á uppdrætti.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lands á hnitsetningu lóðarmarkna. Sveitarstjórn telur þó æskilegt að lóðin, ásamt aðliggjandi lóð (lnr. 168181), tengist þjóðvegi um aðliggjandi veg en ekki núverandi tengingu.

Mál nr. 10; Útey 1 lóð lnr. 168178 (lóð nr. 13): Staðfesting á afmörkun lóðar – 1709021.

Lögð fram umsókn Eflu verkfræðistofu dags. 5. september 2017 f.h. landeigenda, um staðfestingu á afmörkun lóðarinnar Útey lóð 168178. Er lóðin 7.477 fm að stærð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðarmarkna.

Mál nr. 11; Útey 1 lóð lnr. 168175 (lóð nr. 10): Staðfesting á afmörkun lóðar – 1709021.

Lögð fram umsókn Eflu verkfræðistofu dags. 5. september 2017 f.h. landeigenda, um staðfestingu á afmörkun lóðarinnar Útey lóð 168185. Er lóðin 10.534 fm að stærð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðarmarkna.

Mál nr. 16; Afgreiðslur Byggingarfulltrúa – 17 – 62 – 1709001F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. september 2017 lagðar fram til kynningar.

- 3.3. 141. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 20. september 2017 – 17-63.

Mál nr. 1; Haukadalur 4 lnr. 167101: Stækkun svæðis – 3 íbúðalóðir ásamt vegtengingu: Deiliskipulagsbreyting – 1703018.

Lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar dags. 17. ágúst 2017 um breytingu á deiliskipulagi við Geysi þar sem afmarkaðar eru þrjár íbúðarhúsaloðir á svæði austan Beinár. Fram kemur að upplýsingar vanti um hvernig deiliskipulagið samræmist gildandi aðalskipulagi. Þá er lagður fram lagfærður

deiliskipulagsuppráttur til að koma til móts við bréf Skipulagsstofnunar sem felur í sér að lóðirnar þrjár eru minnkaðar.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir lagfærðan deiliskipulagsupprátt til að koma til móts við bréf Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 2; Brúarvirkjun í Tungufljóti: Brú: Framkvæmdaleyfi – 1709053.
Lögð fram umsókn HS Orku hf. dags. 11. september 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir Brúarvirkjun, sem er 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í efri hluta Tungufljóts. Fyrir liggur að sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti framkvæmdaleyfi fyrir undirbúningsframkvæmdum virkjunar á fundi 5. maí sl. Meðfylgjandi er greinargerð dags. 11. september 2017, minnisblað um efnistöku og haugsetningu dags. 11. ágúst 2016, yfirlitsmynd dags. ágúst 2017 ásamt afriti af virkjanaleyfi Orkustofnunar dags. 24. apríl 2017 og samningi við Skógrækt ríkisins um endurheimt birkiskógs og votlendis. Þá leggur skipulagsfulltrúi einnig fram drög að samningi um eftirlit með framkvæmdunum ásamt kostnaðaráætlun.
Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er fyrirhuguð umsókn í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag svæðisins ásamt skilyrðum sem fram koma í álitum Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir umsókn um framkvæmdaleyfi og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Tekið skal fram að samþykkt þessi á ekki við um framkvæmdir sem eru háðar byggingarleyfi skv. ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010 m.s.br.

Mál nr. 3; Brúarvirkjun: Afmörkun lóða og færsla stöðvarhúss: deiliskipulagsbreyting – 1709124.
Lögð fram umsókn Mannvits dags. 21. september 2017, f.h. HS Orku hf, um breytingu á deiliskipulagi Brúarvirkjunar í Tungufljóti. Vísað er til bókunar og afstöðu skipulagsnefndar, sem kallað hefur á viðbrögð framkvæmdaaðila. Mannvit hefur f.h. HS Orku brugðist við afstöðu skipulagsnefndar og sent inn greinargerð, dagsetta 4. október 2017, vegna breytingar á deiliskipulagi ásamt uppráttum þar sem komið er á móts við athugasemdir skipulagsnefndar.
Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er breytingin óveruleg og samþykkir hana skv. 2 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auk þess samþykkir sveitarstjórn að fela skipulagsfulltrúa að grendarkynna hana fyrir eigendum lóða sunnan virkjunarsvæðis skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 5; Skálabrekkugata 3 lnr. 172580: Ný lóð: Fyrirspurn - 1709091.
Kolbeinn Sveinbjörnsson víkur af fundi undir þessum lið.
Lögð fram fyrirspurn Þórðar Sigurjónssonar dags. 4. september 2017 um heimild til að skipta lóðinni Skálabrekkugötu 3 (lnr. 172580) í tvær lóðir í samræmi við meðfylgjandi teikningu.
Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er ekki mælt með skiptingu lóðarinnar í samræmi við fyrirliggjandi gögn þar sem svæðið sem ný lóð myndi ná yfir er bæði skilgreint sem landbúnaðarsvæði og svæði fyrir frístundabyggð. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er hægt að stofna 15.000 fm lóð meðfram suðaustur hluta lóðarinnar og er ekki mælt með að því verði breytt.

Mál nr. 6; Heiðarbær lóð (170211); Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og geymsla – 1709009.
Lögð fram umsókn Kára Guðjóns Hallgrímssonar dags. 1. september 2017 um endurnýjun byggingarleyfis fyrir 198,2 fm frístundahús og 92,4 fm kalda geymslu á lóðinni Heiðarbær lóð lnr. 170211.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hafnar umsókninni þar sem í fyrra byggingarleyfi var ekki gert ráð fyrir 92,4 fm kaldri geymslu eins og nú. Miðað við þetta fer nýtingarhlutfall lóðarinnar upp í rúmlega 0,04 sem er hærra en almennt er miðað við, þ.e. nýtingarhlutfallið 0,03. Þá þarf einnig skoða staðsetningu fyrirhugaðs húss þar sem á afstöðumynd kemur fram að það sé nær lóðarmörkum en 10 m, sem ekki var í gögnum sem lögð voru fram í tengslum við útgáfu fyrra byggingarleyfis.

Mál nr. 7; Heiðarbær lóð 170216: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús- viðbygging og geymsla – 1505023.

Lögð fram að nýju umsókn Péturs Jóhannssonar dags. 5. maí 2015 um byggingarleyfi fyrir stækkun frístundahúss á lóðinni Heiðarbær lóð lnr. 170216 úr 64 fm í 225,6 fm auk 32 fm geymslu. Lóðin er skráð 13.000 fm að stærð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að grenndarkynna tillöguna skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóð auk landeigenda, þ.e. Ríkiseigna.

Mál nr. 8; Heiðarbær lóð 170235: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - viðbygging – 1607024.

Lögð fram að nýju umsókn um byggingarleyfi á lóðinni Heiðarbær lóð 170235 sem er skráð 3.750 fm að stærð. Sótt er um leyfi til að byggja við núverandi sumarhús og steypa bílskýli undir bústað. Verður húsið 195,2 fm að stærð eftir stækkun.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er húsið of stórt miðað við það sem almennt er miðað við varðandi stærðir sumarhúsa í Bláskógabyggð, þ.e. nýtingarhlutfallið 0,03 á lóðum sem eru stærri en 5.000 fm og um 120-130 fm á lóðum sem eru minni. Sveitarstjórn hafnar umsókninni.

Mál nr. 9; Gröf lóð lnr. 189550: VÍlsenslundur 1,3,5: Breytt heiti lóða – 1705057.

Lögð fram að nýju umsókn eigenda landsins Gröf lóð lnr. 189550 dags. 24. maí 2017 þar sem óskað er eftir að 3 lóðir deiliskipulags sem eru innan svæðisins fái heitið VÍlsenslundur 1, 3, og 5.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir umsóknina með fjórum atkvæðum (HK, KS, BÁB og VS) en þrjú á móti (ÓBÞ, GSM og EMS).

Mál nr. 24; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17-63 – 1709003F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. september 2017 lagðar fram til kynningar.

- 3.4. 80. fundur veitustjórnar Bláskógaveitu.
Fundargerð samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn bendir á að þau verkefni sem kalla á aukaútgjöld og hefur ekki verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun þarf að skoða nánar.
- 3.5. 58. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar.
Fundargerð samþykkt samhljóða. Varðandi 3. dagskrárlið þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að skipa vinnuhóp til að fara í þarfagreiningu og mótun framtíðarstefnu er varðar skólahúsnæði sveitarfélagsins. Í vinnuhópinn eru skipaðir: Helgi Kjartansson, Óttar Bragi Þráinsson og Bryndís Á. Böðvarsdóttir.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. Fundur NOS, haldinn 29. september 2017.
- 4.2. 183. fundur fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga.

- 4.3. 256. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 4.4. 257. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 4.5. 258. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 4.6. 259. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 4.7. 18. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu.

5. Reglur til samþykktar og umsagnar:

- 5.1. Drög að leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis; til umsagnar.
Lögð fram drög að leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis sem unnin hafa verið af velferðarráðuneyti. Í takt við bókun byggðaráðs þá hefur verið óskað eftir umsögn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings. Reglurnar verða teknar fyrir á næsta fundi Skóla- og velferðarþjónustunnar sem verður þann 24. október n.k. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar frestar afgreiðslu þar til umsögn Skóla- og velferðarþjónustunnar liggur fyrir.
- 5.2. Reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings um ferðaþjónustu fatlaðs fólks; til samþykktar.
Lagðar fram reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk. Skóla- og velferðarnefnd samþykkti reglurnar á 23. fundi sínum og óska eftir staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi reglur.

6. Umsókn um stofnun lóða úr landi Gils, Brúar og Haukadals.

Lögð fram umsókn HS Orku um stofnun fjögurra lóða í tengslum við Brúarvirkjun og eru lóðirnar stofnaðar úr landi Haukadals lnr. 167097, úr landi Gils lnr. 222982 og úr landi Brúar lnr. 167070. Um er að ræða lóðir utan um stöðvarhús, vinnubúðasvæði, stíflur og önnur mannvirki sem tengast virkjuninni. Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðanna og gerir ekki athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Gert er ráð fyrir að afmörkun lóðanna verði sýnd í deiliskipulagi svæðisins.

7. Árschlutauppgjör janúar – ágúst 2017, Bláskógabyggð.

Lagt fram árschlutauppgjör sveitarsjóðs Bláskógabyggðar fyrir tímabilið 1. janúar – 31. ágúst 2017. Uppgjörið hefur verið unnið af KPMG. Helstu niðurstöður samstæðureiknings eru:

Rekstrartekjur	kr.	859.017
Rekstrargjöld	kr.	-738.496
Fjármagnsgjöld	kr.	-12.834
Rekstrarniðurstaða jákvæð	kr.	107.686

Í þessu uppgjöri er búið að hlutfalla fasteignagjöld við 8 mánuði, s.s. fasteignaskatt, sorpgjald, holræsagjald og vatnsskatt. Þriðjungur af þessum álögðu gjöldum eru því ekki teknar inn í þetta uppgjör, en þeim er ætlað að mæta rekstrarútgjöldum á síðasta þriðjungu ársins.

8. Kjörskrá vegna alþingiskosninga sem fara fram 28. október 2017.

Kjörskrá vegna alþingiskosninga, sem fara fram þann 28. október 2017, lögð fram. Sveitarstjóri hefur yfirfarið kjörskrá og engar breytingar hafa verið gerðar. Framlagning

kjörskrár er auglýst í þessari viku og verður lögð fram 16. október n.k. Engar athugasemdir hafa komið fram við framlagða kjörskrá.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að staðfesta kjörskrá með áritun sinni og veitir ennfremur sveitarstjóra fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninga 28. október 2017 í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.

9. Innsend bréf og erindi:

- 9.1. Bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 6. október 2017; Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Laugavegur – Skipholt, reitur 25. Lagt fram bréf Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við verklýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi vegna Laugarvegs- Skipholts (reits 25). Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við framlagða verklýsingu.
- 9.2. Tölvuskeyti Geðhjálpar, dags. 28. september 2017; styrkbeiðni. Lagt fram tölvuskeyti Geðhjálpar þar sem óskað er eftir styrk vegna útgáfu blaðs Geðhjálpar. Erindinu hafnað.
- 9.3. Tölvuskeyti Skógræktarfélags Íslands, dags. 26. september 2017; heiðursáskrift. Lagt fram tölvuskeyti Skógræktarfélags Íslands þar sem boðið er heiðursáskrift á seinna hefti Skógræktarritsins 2017. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að vera áfram heiðursáskrifandi ritsins.
- 9.4. Tölvuskeyti umhverfisnefndar ML, dags. 10. október 2017; ástand göngustígs. Lagt fram tölvuskeyti umhverfisnefndar ML þar sem óskað er eftir að stígur verði lagður á milli ML og íþróttahússins á Laugarvatni. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur fullan skilning á umræddri beiðni og felur sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs að ræða við aðila varðandi erindið, kostnaðarmeta þarf verkið og kanna möguleika á að koma því á framkvæmdaáætlun. Huga þarf að því að lega göngustígs sé í samræmi við gildandi skipulag.
- 9.5. Tölvuskeyti Jóns Snæbjörnssonar, dags. 10. október 2017; gestastofa Laugarvatni. Lagt fram tölvuskeyti Jóns Snæbjörnssonar þar sem hann útlistar hugmynd um uppbyggingu gestastofu á Laugarvatni. Jafnframt er komið fram með þá hugmynd að sótt verði um í framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna verkefnisins. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tekur vel í erindið en gildandi skipulag á þessu svæði fellur ekki að þessum hugmyndum. Ekki er heldur búið að afgreiða endurskoðað aðalskipulag sveitarfélagsins og því ekki tímabært að sækja um á þessu ári.

10. Mál til kynningar:

- 10.1. Skýrsla ráðgjafasviðs KPMG; sameining sveitarfélaga Árnessýslu.
- 10.2. Bréf Félags stjórnenda leikskóla, dags. 4 október 2017; ályktun frá samráðsfundi Félags stjórnenda leikskóla.
- 10.3. Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 9. október 2017; ákvörðun um stækkun friðlands í Þjórsárverum.

10.4. Afrit af bréfi Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs, dags. 27. september 2017; kæra vegna Hvannalundar 8.

11. Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027; heildarendurskoðun.

Á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 12. september 2017 var tillaga að aðalskipulagi sveitarfélagsins samþykkt með breytingum til að koma til móts við athugasemdir á umsagnir sem bárust á kynningartíma og var umsögn um framkomnar athugasemdir jafnframt samþykkt. Í afgreiðslu málsins láðist að leggja fram og fjalla um umsagnir Ferðamálastofu, Forsætisráðuneytisins og Húnavatnshrepps sem bárust á kynningartíma og eru þær hér lagðar fram ásamt tillögu skipulagsráðgjafa að umsögn um efnisatriði þeirra.

Að mati sveitarstjórnar hafa umsagnirnar ekki áhrif á fyrri afgreiðslu sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um samþykkt aðalskipulagsins og felur skipulagsfulltrúa að koma gögnum málsins til staðfestingar Skipulagsstofnunar.

Fundi slitið kl. 19:00.

Helgi Kjartansson, oddviti

Valgerður Sævarsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Eyrún M. Stefánsdóttir

Bryndís Á. Böðvarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Sigurrós H Jóhannsdóttir